




JAFNRÆÐI • JÁKVÆÐNI
TRAUST • VIRÐING

Pistill sveitarstjóra

Þorsteinn Gunnarsson

Skútustaðahreppur

10. okt. 2019 – Pistill nr. 61



Frá íbúafundi um fjölmenningsstefnu. Náttúran, fólkið og friður er það sem fólki finnst það besta við Mývatnssveit samkvæmt könnun sem framkvæmd var á staðnum.

Fjölmenningsstefna

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps hefur samþykkt Fjölmenningsstefnu sveitarfélagsins sem er mikið gleðiefni. Um fjórðungur íbúa hér í sveit eru erlendir ríkisborgarar og því skiptir okkur mjög miklu máli að bjóða þau velkomin í sveitarfélagið og eiga sem best tengsl og samstarf við þessa frábæru viðbót við mannlífið í Mývatnssveit þar sem fjölbreytileikinn blómstrar.

Fjölmenningsstefnan á sér langan aðdraganda en mikill metnaður hefur verið lagður í vinnuna. Í nóvember 2018 var samþykkt í velferðar- og menningarmálanefnd að skipa stýrihóp til þess að vinna fjölmenningsstefnu fyrir sveitarfélagið. Í hópnum voru:

Verkefnastjóri: Arnprúður Dagsdóttir starfsmaður Þekkinganets Þingeyinga.

Fulltrúi velferðar- og menningarmálanefndar: Ólafur Þröstur Stefánsson.

Fulltrúi grunn- og leikskóla: Sólveig Jónsdóttir.


Fulltrúi nýrra íbúa: Eva Humlova.

Fulltrúi atvinnulífsins: Ingibjörg Björnsdóttir.

Einnig sat sveitarstjóri fundi nefndarinnar.

Áætlað var að nefndin myndi skila af sér stefnunni til umsagnar haustið 2019.

Í ferlinu var m.a. haldinn vel heppnaður íbúafundur þar sem aðsókn var mjög góð, stýrihópurinn fékk kynningar og fyrirlestra m.a. frá Fjölmenningsstefnunni á Ísafirði, rýndi í fjölmenningsstefnu annarra sveitarfélaga, var í góðu samstarfi við fjölmenningsfulltrúa Norðurþings o.fl. Þegar fyrstu drög að stefnunni voru tilbúin fór hún jafnframt í opinbert umsagnarferli á meðal íbúa sveitarfélagsins. Engar athugasemdir bárust. Fjölmenningsstefnan er uppbyggð eins og stefnumótunarplagg. Gildi sveitarfélagsins eru lögð til grundvallar, lagt er upp með leiðarljós, markmið og framtíðarsýn og tímasett og mælanleg aðgerðaráætlun.



Frá íbúafundi um fjölmenningsstefnu sem haldinn var fyrr á árinu.

Í inngangi Fjölmenningarstefnunnar segir m.a. að allir íbúar sveitarfélagsins skulu njóta fjölbreytts mannlífs og menningu þar sem samkennd, jafnrétti, víðsýni og gagnkvæm virðing einkennir samskipti fólks. Starfsmenn Skútustaðahrepps skulu ávallt leitast við að bjóða öllum íbúum sveitarfélagsins sömu þjónustu óháð þjóðerni þeirra og uppruna. Stofnanir sveitarfélagsins geri ráð fyrir ólíkum forsendum fólks og komi til móts við sérstakar þarfir þeirra þannig að þeir geti í hvarvetna verið virkir þátttakendur. Óheimilt er að mismuna fólki vegna aldurs, kyns, uppruna, ætternis eða trúarbragða. Aðgerðaráætluninni er skipt upp í þrjá kafla, þ.e. á fyrsti fjallar um þjónustu sveitarfélagsins sem skal vera öllum aðgengileg, annar kaflinn fjallar um gott mannlíf og sá þriðji um skólamál.

Sveitarstjórn lýsti yfir ánægju sinni með stefnuna og samþykkti hana samhljóða á fundi sínum í gær. Í samræmi við nýsamþykktu Fjölmenningarstefnu varð sveitarstjórn sammála um að taka upp viðræður við sveitarstjórnir Þingeyjarsveitar og Norðurþings um sameiginlegan fjölmenningarfulltrúa og vísaði málinu í framhaldi af því til gerðar fjárhagsáætlunar.

Hverjir vilja taka þátt í ungmennaráði?

Í æskulýðslögum nr. 70/2007 er kveðið á um að sveitarfélög skuli hlutast til um að stofna ungmennaráð og eru þau hugsuð til að vera sveitarstjórnnum til rágjafar um málefni ungs fólks í viðkomandi sveitarfélagi og til að kynna lýðræðisleg vinnubrögð fyrir ungu fólki.

Lögð voru fram drög að samþykkt ungmennaráðs Skútustaðahrepps sem velferðar- og menningarmálanefnd hefur samþykkt fyrir sitt leyti. Helstu markmið og hlutverk ungmennaráðs eru:

1. að koma skoðunum og tillögum ungs fólks til viðeigandi aðila í stjórnkerfi sveitarfélagsins,
2. að gæta hagsmuna ungs fólks t.d. með umfjöllun og umsögnum um einstök mál sem snerta aldurshópinn sérstaklega,
3. að fulltrúar ráðsins þjálfist í lýðræðislegum vinnubrögðum og læri á stjórnkerfi sveitarfélagsins,

4. að vera ráðgefandi um framtíðarsýn félagsmiðstöðvar sveitarfélagsins,
 5. að efla tengsl nemenda framhaldsskóla og sveitarstjórnar með því að standa fyrir umræðu innan vettvangs nemenda framhaldsskólanna um þau mál er til hagsbóta geta verið fyrir ungt fólk,
 6. að efla tengsl nemenda grunnskóla sveitarfélagsins og sveitarstjórnar með því að standa fyrir umræðu innan vettvangs nemenda grunnskólans um þau mál er til hagsbóta geta verið fyrir ungt fólk,
 7. að gera tillögur til sveitarstjórnar um stefnumörkun um málefni ungs fólks.
- Á næstunni verður farið í að fá ungt fólk til að setjast í ungmennaráðið og verður það auglýst.



Frá framkvæmdasvæðinu við Drekaðil þar sem myndast hefur talsvert lón fyrir ofan stífluna. Myndin var tekin í síðustu viku.

Framkvæmdaleyfi í Drekaðili afturkallað

Á þar síðasta fundi sveitarstjórnar var bókað, í kjölfar eftirlitsferðar fulltrúa sveitarfélagsins vegna framkvæmda Neyðarlínunnar ohf. við heimarafstöð austan þjónustusvæðis í Drekaðili, að sveitarstjórn líti málið mjög alvarlegum augum og fordæmir að framkvæmdin sé í ósamræmi við útgefið framkvæmdaleyfi og gildandi deiliskipulag samkvæmt 53. gr. skipulagslaga 123/2010. Á fundi sveitarstjórnar í gær var lagt fram bréf sveitarstjóra til Neyðarlínunnar dags. 27. sept. 2019 þar sem tilkynnt er að framkvæmdir skulu stöðvaðar

strax í samræmi við 2 mgr. 53. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem ljóst þykir að þær eru hvorki í samræmi við gildandi skipulag né þá framkvæmd sem sótt var um þann 24. október 2018. Jafnframt var óskað eftir nánari upplýsingum frá stjórn Neyðarlínunnar um málið. Jafnframt var lagt fram svarbréf Neyðarlínunnar dags. 1. okt. 2019. Að mati sveitarstjórnar eru svör Neyðarlínunnar ohf. ófullnægjandi. Sveitarstjórn samþykkti að afturkalla útgefið framkvæmdaleyfi fyrir framkvæmdum við heimarafstöð við Drekaþgil nærri Öskju. Jafnframt skal Neyðarlínan ohf. leggja fram uppfærð gögn vegna framkvæmdarinnar og sækja um nýtt framkvæmdaleyfi. Jafnframt verður óskað eftir afstöðu Vatnajökulsþjóðgarðs og forsætisráðuneytis vegna þeirrar stöðu sem upp er komin.



Fulltrúar Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar ásamt starfsmönnum Sambandsins á fjármálaráðstefnunni.

Skemmtileg fjármálaráðstefna

Fjármálaráðstefna Sambands íslenskra sveitarfélaga var haldin í Reykjavík í síðustu viku. Sveitarstjóri, oddviti og skrifstofustjóri fóru á ráðstefnuna fyrir hönd Skútustaðahrepps. Sveitarstjóri flutti m.a. fyrirlestur um fráveitumál í Mývatnssveit og þá lausn sem þar er unnið eftir. Upptöku af fyrirlestrinum, ásamt öllum öðrum fyrirlestrum fjármálaráðstefnunnar, má nálgast á heimasíðu Sambandsins.

Jöfnunarsjóður staðfestir framlag vegna sameiningarviðræðna og nýsköpunarverkefnis

Á fundi sveitarstjórnar var lagt fram bréf frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga dags. 8. okt. 2019 vegna erindis samstarfsnefndar um sameiningu sveitarfélaganna Skútustaðahrepps og

Þingeyjarsveitar þar sem óskað var eftir framlagi úr Jöfnunarsjóði til að mæta kostnaði vegna undirbúnings á kynningu sameiningartillögu og framkvæmd atkvæðagreiðslu á grundvelli reglna nr. 295/2003, að upphæð 29 m.kr. Ráðgjafanefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga samþykkir úthlutun framlagsins.

Þá var einnig samþykkt fjárhæð að upphæð 20 m.kr. vegna verkefnisins Nýsköpun í norðri en verkefnið miðar að því að sameinað sveitarfélag, komi til þess, verði í fararbroddi í baráttu við loftslagsbreytingar þar sem verði tekið mið af tæknibreytingum og tækifærum tengdum þeim og byggðir upp innviðir sem treysta samkeppnishæfni svæðisins til lengri tíma.

Félagsstarf eldri borgara (60+) hefst 23. október

Félagsstarf eldri borgara í Mývatnssveit, 60 ára og eldri, hefst að nýju eftir sumarleyfi með leikfimitíma mánudaginn 21. október kl. 9:00.

Fyrsta samverustundin verður miðvikudaginn 23. október. Starfið er með hefðbundnum hætti en fer fram í nýju aðstöðunni í íþróttamiðstöðinni. Þar fer vel um starfið í bjartri og rúmgóðri stofu. Eldri borgarar hafa aðgang að stofunni alla daga vikunnar ef þeir vilja og geta nýtt sér aðstöðuna í íþróttahúsinu sér að kostnaðarlausu.

Athugið! Félagstarfið verður áfram á miðvikudögum og hefst kl. 11:50 á leikfimi fyrir þá sem vilja.

Umsjón félagsstarfsins: Þórdís Jónsdóttir (Dísa). Til aðstoðar verður Ásta Price.

Auka leikfimitími:

Boðið verður upp á auka leikfimitíma fyrir eldri borgara á mánudögum kl. 9:00 í íþróttahúsinu hjá Ástu Price. Fyrsti mánudagstíminn verður 21. október.

Boðið upp á ókeypis akstur:

Áfram verður boðið upp á akstur í samverustundina á miðvikudögum á vegum sveitarfélagsins og er eldri borgurum að kostnaðarlausu. Egill Freysteinnsson sér um aksturinn. Þeir sem ætla að nýta sér aksturinn þurfa að láta vita í hvert skipti, í síðasta lagi daginn fyrir samverustundina, hjá Ástu í

Íþróttamiðstöðinni í síma 464 4225. Að lokinni samverustund er svo einnig boðið upp á akstur heim. Vonandi sjáum við ykkur sem flest í félagsstarfinu í vetur. Maður er manns gaman.

Dásamlegir hamingjufyrirlestrar

Síðustu tvær vikurnar höfum við fengið stórskemmtilegra hamingjufyrirlestra í Skjólbrekku frá tveimur öflugum konum sem eru á meðal þeirra fremstu á sínu sviði á landinu.

Árelía Eydís Guðmundsdóttir dósent við Viðskipta-deild Háskóla Íslands og kennir leiðtogafræði og kúrsa um forystu og framtíðarvinnuþætti, fjallaði um mikilvægi þess að fara í stefnumótun í eigin lífi og huga að „framtíðarsjálfinu“ hvernig við undirbúum okkar sem best fyrir framtíðina.

„8848 ástæður til þess að gefast upp“ var heitið á fyrirlestri Vilborgar Örnú pólfara. Hún rakti leiðangurs sögu sína og hvernig hún hefur yfirstigið hindranir, haldið út í erfiðum aðstæðum og tekist á við sorg sem og sigra.

Fyrirlestrararnir voru styrktir af Lýðheilsusjóði.



Helgi, Árelía, Dagbjört, Jóhanna og Þorsteinn.



Vilborg fyrir utan Skjólbrekku.



Samið við Orku náttúrunnar um raforkukaup

Sveitarfélagið samdi á dögunum við Orku náttúrunnar um raforkukaup á grundvelli verðkönnunar. Í síðustu viku var skrifað undir samninginn og Mývetningurinn Kristján Már Atlason forstöðumaður fyrirtækjamarkaða ON var kátur að landa þessum samningi.

Hrós dagsins...

Fá þeir fjölmörgu sem sendu inn hugmyndir í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar, sem gætu stuðlað að aukinni hamingju íbúa sveitarfélagsins.

Ýmislegt

Að vanda hef ég sótt ýmsa fundi að undanfögnu m.a. fjármálaráðstefnu sveitarfélaga, með sundlaugarnefnd, Neyðarlínunni, þremur olíufélögum, með þingmönnum kjördæmsins í kjördæmaviku, með velferðar- og menningarmálanefnd, umhverfisnefnd, stjórn Samtaka orkusveitarfélaga, stórum undirbúningsfundi sveitarstjórnar við gerð fjárhagsáætlunar, með fulltrúum Landgræðslunnar, svo eitthvað sé nefnt. Ætlunin er að pistill sveitarstjóra birtist tvisvar í mánuði, í kjölfar sveitarstjórnarfunda. Tilgangurinn er að efla upplýsingastreymi sveitarstjórnar. Sveitarstjórapistillinn er sendur út í tölvupósti og birtur á heimasíðu sveitarfélagsins.

Bestu kveðjur

Þorsteinn Gunnarsson, sveitarstjóri